

-----  
Subject: Styrktarbeiðni frá Plastlausum september 2021

Date: 19.5.2021 23:51:04

Eftirfarandi er formlegt erindi til bæjarráðs Reykjanesbæjar og óskað er eftir að það berist beint til Friðjóns Einarssonar, formanns bæjarráðs.

Við í plastlausum september erum að skipuleggja átakið núna í september 2021 og leitum til ykkar eftir fjárhagsstuðningi líkt og undanfarin ár.

Styrkir og sú velvild sem við höfum mætt t.d. hjá Reykjanesbæ hafa gert okkur kleift að standa að þessu vitundarvakningarátaki undanfarin ár m.a. með því að halda úti öflugum samfélagsmiðlum (Facebook og Instagram) auk þess að vera með heimasíðu á íslensku, ensku og pólsku svo að sem flestir íbúar geti tekið þátt í að minnka plastnotkun. Við leggjum áherslu á að efnið okkar sé jákvætt, aðgengilegt og myndrænt. Við höfum fengið góða umfjöllun í fjölmiðlum og stóðum í fyrra að málþingi til að hvetja ólíka hagsmunaaðila til samtals.

Í fyrra lögðum við áherslu á að minnka plastnotkun í eldhúsinu og á baðherberginu. Í ár leggjum við áherslu á samgöngur, þvott og framkvæmdir og munum leggjja okkur sérstaklega fram um að ná til hópa sem við höfum minna náð til áður; karlmanna og íbúa með annað mál en íslensku.

Úrgangsmál eru eitt af stóru verkefnum sveitarfélaganna og teljum við að jákvæð og aðgengileg fræðsla okkar styðji það markmið sveitarfélaganna að draga úr myndun úrgangs og samræmist vel þeim grænu áherslum sem Reykjanesbær hefur lagt. Auk þess teljum við að vandað og aðgengilegt efni okkar sé auðvelt að nýta við kennslu í bæði grunn- og framhaldsskólum.

Ekki hika við að hafa samband til að óska frekari upplýsinga eða til að skoða frekari samstarfsfleti.

Plastlausar kveðjur,

Kolbrún G. Haraldsdóttir

formaður Plastlauss septembers

[www.plastlaus.is](http://www.plastlaus.is)